

Þjónusta við stofnanir

Fræðslusetrið Starfsmennt veitir ríkisstofnunum fjölbreytta þjónustu til að greiða leið lærdóms á vinnustað

Ráðgjafi að láni

Starfsmennt lánar Ráðgjafa til stofnana til að vinna að eflingu mannauðs og aðstoða við innleiðingu markvissrar mannauðsstjórnunar. Hátt á fimmta tug stofnana hafa nýtt sér þjónustuna og margar kallað eftir frekara „láni“. Helstu viðfangsefni ráðgjafanna eru: vinnustaðargreiningar, þarfagreining fræðslu, uppsetning símenntunarkerfis, starfsgreiningar eða aðstoð við gerð starfsmanna-, jafnréttis- og heilustefnu. Þá hefur ráðgjafinn einnig aðstoðað við innleiðingu starfsmannasamtala, nýliðafræðslu og starfsþróunaráætlana. Öll verkefni ráðgjafans miða að því að efla starf stofnana á sviði lærdóms og mannauðsstjórnunar til að auðvelda starfsfólki að takast á við auknar kröfur og síbreytilegt umhverfi.

„Héraðsdómur Reykjavíkur hefur nýtt sér þjónustu Starfsmenntar sem kölluð hefur verið **Ráðgjafi að láni**. Hlutverk ráðgjafans hefur verið að efla markvissa mannauðsstjórnun og uppbyggingu símenntunar innan dómstólsins. Ráðgjafinn leiddi vinnu við innleiðingu og undirbúning starfsmannastefnu dómstólsins. Þá undirbjó hann í samvinnu við starfsmenn 140 stunda námsleið -Vísdom, sem hefur verið uppistaðan í símenntun stofnunarinnar. /.../Á þessum rúmum tveimur árum sem liðin eru frá því að ráðgjafinn kom fyrst að verkefnum hjá dómstólum hefur ótrúlega margt áunnist. Óhætt er að fullyrða að án liðsinnis hins faglega ráðgjafa væri dómstóllinn ekki kominn eins langt á veg á svo skömmum tíma í framþróun mannauðsmála. Samvinna hefur verið einstaklega gefandi og árangursrík og þjónusta af þessum toga af hálfu Starfsmenntar til hreinnar fyrirmyndar.“

Ólöf Finnsdóttir, skrifstofustjóri hjá Héraðsdómi Reykjavíkur

Farandfyrirlestrar


Starfsmennt býður upp á fjölbreytt úrval farandfyrirlestra þar sem ríkisstofnanir geta valið áhuga-verð námskeið á tíma sem þeim hentar best. Um 30 titlar eru í boði sem geta nýst vel á starfsdögum og fræðslufundum og um leið ýtt undir nýjar hugmyndir og samræðu um símenntun og starfsþróun.

Náms- og starfsráðgjöf

Starfsmennt býður ríkisstofnunum upp á þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Ráðgjöfinni er ætlað að styðja starfsfólk til náms, kynna fyrir þeim framboð símenntunar og hvetja fólk til virkrar þátttöku. Markmiðið með ráðgjöfinni er efla vitund einstaklinga um hæfileika sína, viðhorf og áhuga. Stofnanir geta kallað eftir þessari þjónustu en einnig er boðið upp á viðtöl á skrifstofu Starfsmenntar.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á vef Starfsmenntar og á skrifstofu í síma 525-8395.

www.smennt.is



Símenntun er heillaspor